



Forsætisnefnd

***Opinber umræða borgarfulltrúa um störf og starfsfólk Reykjavíkurborgar.***

Í aðdraganda síðustu borgarstjórnarkosninga gerðu nokkrir frambjóðendur stjórnkerfið og umfang þess að umfjöllunarefni. Það er sjálfsagt og eðlilegt að slík umfjöllun eigi sér stað enda mikilvægt að þjónusta sveitarfélagsins sé veitt með sem hagkvæmustum hætti. Í kjölfar kosninga hefur umræðan haldið áfram en orðið nærgöngulli gagnvart starfsfólki en áður. Í fjölmiðlum hefur síðustu vikurnar verið fjallað um umfang skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Meðal annars verið settur fram listi yfir starfsheiti og verkefni starfsfólks á skrifstofu borgarstjóra, með tengil á vefsvæði borgarinnar þar sem finna mátti nöfn starfsfólksins, í samhengi við umræðu mikinn kostnað og ofvaxið stjórnkerfi. Undirrituð telur rétt að vekja athygli forsætisnefndar á áhrifum slíkrar umræðu á líðan starfsfólks, starfsanda og upplifun um starfsöryggi. Það er mikilvægt að umræða um skipulagsbreytingar og niðurskurð sé vel ígrunduð og byggja á gögnum og réttum upplýsingum. Undirrituð vill koma því á framfæri að það er undirritaðri og öðru starfsfólki skrifstofu borgarstjóra og borgarritara ljúft og skylt að kynna starfsemi skrifstofunnar fyrir kjörnum fulltrúum sé þess óskað í von um að það leiði til upplýstrar umræðu um hlutverk hennar og verkefni.



Helga Björg Ragnarsdóttir,  
skrifstofustjóri skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

